

17.02.2012
12020037 MJ

Alþingi
b.t. nefndasviðs,
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Efni: Umsögn með frumvarpi til laga um Farsýsluna, stjórnsýslustofnun samgöngumála, 272. mál. Þingskjal 300.

Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis hefur óskað eftir umsögn Umferðarstofu við ofangreint lagafrumvarp. Umsagnarbeiðnin barst Umferðarstofu þann 8. febrúar sl. en öðrum umsagnaraðilum þann 3. febrúar sl. Af þeim sökum fékk Umferðarstofa aukinn frest til að skila inn umsögn sinni, eða til 17. febrúar 2012.

Meðfylgjandi er umsögn Umferðarstofu með frumvarpinu.

Virðingarfyllt,



Dagný Jónsdóttir, forstjóri

Umsögn Umferðarstofu með frumvarpi til laga um Farsýsluna, stjórnsýslustofnun samgöngumála.

1. **4. gr.** Lagt er til að svohljóðandi setningu verði bætt við 4. gr. (eða jafnvel við 7. gr.): „Farsýslan skal annast fræðslu og upplýsingamiðlun um umferðarmál og annað það sem stuðlað getur að umferðaröryggi og bættri umferðarmenningu.“ Umferðarstofa hefur fram að þessu sinnt hlutverki samkvæmt d-lið 1. mgr. 112. gr. umferðarlaga nr. 50/1987. Í frumvarpið skortir tilfinnanlega að þetta hlutverk Umferðarstofu komi fram. Ekki er talið að 5. mgr. 4. gr. frumvarpsins kveði nægilega fast að orði hvað þetta hlutverk varðar en þar er talað um fræðslu og upplýsingamiðlun um samgöngumál.
2. **3. gr.** Samkvæmt greinargerðinni með frumvarpinu er ætlunin að leggja niður þau lögbundnu ráð sem nú starfa á einstökum sviðum þeirra stofnanna sem sameinast munu í Farsýsluna og að þeirra í stað muni ráðherra skipa sérstakt fagråd stofnunarinnar. Þau lögbundu ráð sem leggja á niður eru, samkvæmt greinargerðinni, hafnaråd og flugråd. Athygli er vakin á því að ekki er minnst á umferðarråd í því sambandi.
3. **1. mgr. 20. gr.** Samkvæmt ákvæðinu eiga lögin að koma til framkvæmda þann 1. júlí 2012. Þykir það helst til of stuttur tími til að vel sé hægt að standa að verki. Lagt er til að lögin komi til framkvæmda þann 1. janúar 2013.
4. **Ákvæði til bráðabirgða:** Lagt er til að 1. tl. verði breytt með svohljóðandi hætti: „Starfsmönnum stofnana sem sinnt hafa þeim verkefnum sem munu heyra undir Farsýsluna samkvæmt lögum þessum og eru í starfi við gildistöku laga þessara skal boðið starf hjá hinni nýju stofnun og skulu halda starfskjörum sínum.“ Með þessu leggur Umferðarstofa til að hagar starfsmanna og ráðningarkjör þeirra við sameiningu verði tryggð.

Að lokum vill Umferðarstofa benda á að við allar sameiningar og nafnabreytingar þarf að leggjast í mikinn kostnað. Meðal annars þarf að endurvinna öll gögn þar sem gamla nafnið kemur fyrir. Leiða má líkur að því að í tilfelli Umferðarstofu sé þessi kostnaður mun meiri en hjá mörgum öðrum opinberum stofnunum þar sem starfsemi Umferðarstofu krefst mikillar útgáfu og framleiðslu á efni fyrir almenning. Endurhanna og endurprenta þarf alla bæklinga, leiðbeiningar, bækur og annað fræðsluefni. Þá þarf að hljóðsetja, lesa og myndgera fjölda sjónvarps- og útvarpsauglýsinga aftur svo ekki sé talað um 37 fræðslumyndir sem sýndar eru í sjónvarpi og notaðar eru í umferðarkennslu og fræðslu í skólum. Þessi kostnaður mun án efa hlaupa á tugum milljóna.

Þá leggst Umferðarstofa gegn því að nafn nýrrar stofnunar verði Farsýslan og telur nafnið ekki nægilega lýsandi fyrir starfsemi hinnar nýju stofnunar. Nafnið þarf að útskýra fyrir stórum hluta fólks. Við kynningu á nýrri stofnun er það afar slæmt. Þá virkar nafnið þungt og stofnanalegt og illa til þess fallið að vekja jákvæð viðbrögð hjá almenningi. Að auki telur Umferðarstofa nafnið of líkt nafni Fjársýslunnar sem mun væntanlega valda ruglingi meðal fólks. Talið er að nafnið Samgöngustofa væri til dæmis mun meira lýsandi fyrir starfsemi stofnunarinnar. Þá er vakin athygli á því að Innanríkisráðuneytið hefur þegar fengið í hendurnar undirskriftalista frá starfsmönnum Umferðarstofu og




UMFERÐARSTOFA

Flugmálastjórnar þar sem nafninu er harðlega mótmælt. Undir listann skrifuðu um 90% af starfsmönnum stofnananna tveggja.

Að vinna að bættri og breyttri hegðun fólks er löng og ströng vinna sem oft getur tekið langan tíma. Það getur tekið áratugi og jafnvel fleiri en eina kynslóð að sjá árangur slíks starfs. Við þá vinnu þarf að huga vel að ímynd, trúverðugleika, áræðni og ekki hvað síst staðfestu þess sem ber út boðskapinn. Á undanförunum 10 árum hefur Umferðarstofa stimplað sig inn í vitund fólks með mikilli og stöðugri umfjöllun í fjölmiðlum. Árið 2011 voru til að mynda 352 umfjallanir þar sem Umferðarstofa kom við sögu í fjölmiðlum. Þetta samsvarar einni umfjöllun á dag og þá er ekki tekið inn í dæmið allur sá fjöldi auglýsinga, fræðslumynda og umferðarfréttanna sem daglega sjást og heyrast í nafni Umferðarstofu.

Í könnun sem Capacent Gallup gerði árið 2011 kom fram að 86% sögðu Umferðarstofu gegna mikilvægu hlutverki í umferðaröryggismálum á Íslandi og aðeins um 5% voru ósammála því. Í sömu könnun kemur fram að 71% aðspurðra í aldurshópnum 18 – 34 ára sögðust jákvæðir gagnvart Umferðarstofu en aðeins um 1% var neikvæður. Jákvæðnin er einna mest hjá yngsta aldurshópnum - þeim sem mikilvægast er að ná til með forvarnir. Þetta hlýtur að staðfesta árangur þeirrar stefnu sem Umferðarstofa hefur markað sér í áróðurs- og fræðslumálum fyrir ungt fólk. Sú stefna einkennist einna helst af því að markvisst er reynt að forðast stofnanabrag og valdsímynd en nafnið Farsýslan gæti leitt okkur af leið í þeim efnum. Þá má benda á að það hefur tekið mörg ár að byggja upp það traust sem Umferðarstofa hefur áunnið sér og er óhætt að segja að almenningur treystir og ber virðingu fyrir þeim skilaboðum sem frá Umferðarstofu berast. Að því leyti er nafn og orðstír Umferðarstofu gríðarlega verðmætt. Ef á að kasta því nafni verður hið minnsta að koma nafn í staðinn sem almenn sátt verður um.

Virðingarfyllst,


Dagný Jónsdóttir, forstjóri